

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Fjárhagsáætlun 2025-2028 - framkomnar tillögur til breytinga

Dags: 8. nóvember 2024

Málsnúmer: 202401260/2.5

Sendandi: Anna María Axelsdóttir, verkefnastjóri í fjármáladeild

Við fyrri umræðu fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2025 til 2028 á 860. fundi bæjarstjórnar þann 6. nóvember sl. lagði D listi Sjálfstæðisflokks fram sex tillögur til breytinga á fjárhagsáætlun ársins 2025.

Bæjarstjórn samþykkti að vísa tillögunum til umfjöllunar í bæjarráði fyrir síðari umræðu bæjarstjórnar og eftir atvikum til frekari vinnslu innan stjórnarsýslu Mosfellsbæjar.

Framlagðar tillögur D lista eru eftirfarandi og eru númeraðar D 1-6.

1. D1 - Endurskoðun á fyrirkomulagi Vinnuskólans.

- a) Lagt er til að endurskoðað verði fyrirkomulag Vinnuskólans með það í huga að byggja enn frekar ofan á það góða starf sem þar er unnið. Mikilvægt er í dag að styðja vel við vellíðan og öryggi unglinga, styrkja samskiptafærni þeirra, vinnusiðferði og fræða þau á jákvæðan hátt í góðu umhverfi um málefni líðandi stundar. Vinnuskólinn er umhverfi sem hægt er að nýta enn frekar í ofangreint.

Endurskoðun þessi gæti jafnvel farið fram með leiðandi sérfræðingum í málefnum unglinga til dæmis í háskólum landsins. Endurskoðun sem hefði það markmið að gera vinnuskólann að krefjandi en á sama tíma gefandi reynslu, jákvæðri vinnu, samvinnu, samstarfi og vináttu.

- b) Auk þess er lagt til að bætt verði við stöðugildi í Vinnuskólanum til að hægt sé að veita eldri borgurum Mosfellsbæjar meiri garðapjónustu og samliða verði áhöld og tækjabúnaður til verksins endurnýjuð.

2. D2 - Unnið verði að gerð deiliskipulags eldri hverfa Mosfellsbæjar.

Lagt er til að aukið fjármagn verði sett árið 2025 til að vinna við gerð deiliskipulags fyrir eldri hverfi Mosfellsbæjar. Vinna er hafin við þetta verkefni og mikilvægt að klára þessa vinnu til að spara starfsfólki umhverfissviðs tíma og vinnu vegna mála er tengjast ódeiliskipulöguðum hverfum Mosfellsbæjar og samhliða bæta þjónustu við mosfellinga.

3. D3 - Unnið verði að stofnun FabLab smiðju í Mosfellsbæ.

Að sett verði í gang vinnu við að koma á stofn FabLab smiðja/nýsköpunarsmiðja sem styður við framsetta atvinnustefnu Mosfellsbæjar.

Farið verði í vinnu við að kynna verkefnið fyrir fyrirtækjum í Mosfellsbæ sem myndu vera þátttakendur í verkefninu og gætu komið að því á fjölbreyttan og ólíkan hátt með beinni þáttöku og eða styrkjum.

4. D4 - Úthlutun lóða í nýju deiliskipulagi hestúshverfisins.

Lagt er til að úthlutun lóða í hestúshverfinu í nýju deiliskipulagi hestúshverfis verði framkvæmd sem fyrst. Taka þarf ákvörðun um lágmarksverð lóða með tilliti til kostnaðar vegna gatnagerðar og kostnaðar við lagnir og ákveða hvernig lóðunum verður úthlutað.

5. D5 - Lækkun fasteignaskatta.

Lagt er til að fasteignaskattar verði lækkaðir en ekki hækkaðir eins og boðað er í fjárhagsáætlun.

Fasteignagjöld í Mosfellsbæ hafa hækkað mjög mikið undanfarin 2 ár vegna mikillar hækkunar á fasteignamati og mál til komið að þeim hækkunum linni á heimili og fjölskyldur í Mosfellsbæ, sem búa við hátt vaxtastig og verðbólgu.

6. D6 - Tekjur á móti tillögum.

Lagt er til að endurskoðuð verði áætlun á tekjum vegna lóðasölu og byggingarétti í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Miðað við þær úthlutanir á lóðum sem eru framundan í sveitarfélaginu sem eru í eigu Mosfellsbæjar ætti að vera raunhæft að tekjur vegna lóðaúthlutunar og á byggingarétti verði mun hærri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2025.

*Virðingarfyllt,
Anna María Axelsdóttir*